

Sþ.

496. Tillaga til þingsályktunar

um þátttöku í alþjóðlega verkamálasambandinu.

(Lögð fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sækja fyrir Íslands hönd um upptöku í alþjóðlega vinnumálasambandið (I. L. O.) og greiða kostnað við þátttökuna úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Samkvæmt þingsályktun Alþingis frá 15. október 1943 var ríkisstjórninni falið að athuga um þátttöku í alþjóðlega vinnumálasambandinu (I. L. O.). Mun síðan ekkert hafa gerzt í málinu, fyrr en Íslandi var boðin þátttaka í alþjóðlega vinnumálaþinginu á þessu ári.

Í málefнасamningi um ríkisstjórnina segir svo:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið og tryggt, að samþykkt verði á Alþingi, að Ísland gerist nú þegar þátttakandi í I. L. O. eða í þeirri stofnun, er við hennar störfum kann að taka.“

Hið alþjóðlega vinnumálasamband er félagsskapur þjóða, kostaður af ríkisstjórnunum og stýrt á lýðræðisgrundvelli af fulltrúum ríkisstjórna, vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. Var það upphaflega einn þáttur þjóðabandalagsins, en þó óháð því, þannig að þátttaka í vinnumálasambandinu er eigi háð þátttöku í þjóðabandalaginu. Í stríðsbyrjun flutti alþjóðlega vinnumálasambandið aðalskrifstofu sína til Montreal í Kanada, en hefur auk þess skrifstofu í nokkrum öðrum löndum og heldur áfram starfi sínu þrátt fyrir ófriðinn.

Markmið þess er að efla félagslegt réttlæti í öllum löndum heims. Í því skyni viðar það að sér upplýsingum um verkamál og ástand í félagsmálum, ákveður lágmarkskröfur hvarvetna og samræmir kröfurnar í hverju landi eftir högum þess og þörfum.

Starfræksla sambandsins er eins og hér segir:

Alþjóðlega vinnumálaskrifstofan annast nauðsynleg skrifstofustörf, alþjóða-upplýsingastarfsemi og útgáfustarf. Við hana vinna sérfræðingar frá ýmsum löndum, en kunnáttu þeirra, reynslu og ráðlegginga geta allar þær þjóðir notið, sem eru meðlimir sambandsins. Það hefur útibú í mörgum löndum og auk þess samband við aðrar skrifstofur víða um heim.

Í stjórnarnefndinni eru 16 fulltrúar ríkisstjórna, 8 fulltrúar vinnuveitenda og 8 fulltrúar verkamanna. Hún er framkvæmdanefnd sambandsins, hefur yfirumsjón með starfsemi skrifstofunnar og semur fjárhagsáætlun hennar.

Alþjóðlega vinnumálaþingið er alheimsþing um verkalýðs- og félagsmálefni. Í nefnd frá hverri þjóð til að mæta á ársfundum eru fjórir nefndarmenn, tveir fyrir hönd ríkisstjórna, einn fyrir hönd vinnuveitenda og einn fyrir hönd verkamanna,

Hver hinna þriggja fulltrúaflokka hefur óbundin réttindi til umræðna og atkvæðagreiðslu, svo að öll sjónarmið geti komið fyllilega í ljós.

Þingið samþykkir alþjóðlegar lágmarkskröfur, sem eru felldar inn í sérstaka alþjóðasamninga, er nefnast **samþykktir** (Conventions) eða **álitsskjöl** (Recommendations). Byggjast þær á nákvæmri rannsókn og umræðum. Þar sem $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða þarf til samþykkis þeirra, þá má segja, að það, sem í þeim felst, sé allherjarsamkomulag, byggt á rökstuddu almenningsáliti um heim allan. Síðan á fyrsta þinginu 1919 hefur vinnumálaþingið gefið út 67 samþykktir og 73 álitsskjöl. Eru þau um vinnudag, orlof með launum, barnavernd og kvenna, varnir gegn og bætur fyrir slys, tryggingar gegn atvinnuleysi, sjúkdómum, elli og dauða, verkalýðsvandamál í nýlendum, aðbúnað sjómanna o. s. frv. Meginákvæði allra samþykktu og álitsskjala hafa ásamt málsskjölum og upplýsingum um alþjóðaástand í vinnumálum verið dregin saman í bók, sem nefnist The International Labour Code (Lagasafn um alþjóðavinnumálefni), sem skrifstofan gaf út 1941.

Ákvarðanir þingsins eru ekki bindandi fyrir hvert ríki, fyrr en þær hafa hlotið samþykki þjóðarþings. Hafi löggjafarþing staðfest samþykkt vinnumálaþings, hljóta stjórnarvöldin að heita samþykktinni og leggja fram árlega skýrslu um, hvernig framkvæmd hefur verið hagað, og er sú skýrsla endurskoðuð af sérstökum starfsnefndum hins alþjóðlega vinnumálasambands.

Vinnumálasambandið hafði eigi haldið þing í 5 ár, þangað til á þessu ári, að þing var kvatt saman í Philadelphia.

Samþykkti þingið yfirlýsingu, sem staðfestir, að höfuðmarkmið hins alþjóðlega vinnumálasambands í innanlands- og alþjóðamálefnum séu félagsmál. Það samþykkti einnig álitsskjöl um atvinnu, almannatryggingar og lágmarkskröfur í vinnumálum nýlendna.

Fulltrúi Íslands á þinginu var Þórhallur Ásgeirsson sendiráðsritari í Washington. Hefur hann sent ríkisstjórninni greinargóða skýrslu um störf þingsins, þar sem getið er einnig helztu starfa vinnumálasambandsins. Telur Þórhallur að fengnum upplýsingum, að árlegur kostnaður við þátttöku Íslands í vinnumálasambandinu muni vera 2000—3000 dollarar, en að auki kemur svo kostnaður við að senda fulltrúa á þing sambandsins, sem munu verða haldin annað hvert ár.

Þar eð vinnumálaskrifstofan mun verða mikill þáttur í alþjóðlegu samstarfi að ófriðnum loknum og hefur þegar unnið merkilegt félagsmálastarf, verður að teljast mikilsvert, að Ísland gerist þátttakandi nú þegar í hinu alþjóðlega vinnumálasambandi.